



Reglur um launalaust leyfi starfsmanna

b.5. Launalaust leyfi

1. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á starfsmaður rétt á launalaus leyfi, bjóðist honum tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni m.a. tengdu starfi hans. Heimilt er að veita starfsmönnum launalaust leyfi í allt að 12 mánuði enda liggi til þess ríkar ástæður sem starfsmaður tilgreinir skriflega, s.s. framlenging á fæðingarorlofi, sérstakar fjölskylduástæður og framhaldsnám.
2. Byggðarráð veitir sviðsstjórum launalaust leyfi. Viðkomandi fagráð fjalla um umsóknir og afgreiða frá starfsmönnum og öðrum stjórnendum að fenginni umsögn frá næsta yfirmanni. Umsókn þarf að vera studd fullnægjandi rökum og málefnalegum ástæðum.
3. Sækja þarf skriflega um launalaust leyfi til næsta yfirmanns með góðum fyrirvara eða að lágmarki 3 mánuðum fyrir töku leyfis
4. Launalaust leyfi er óheimilt að veita til lengri tíma en 12 mánaða.
5. Feli umsókn um launalaust leyfi í sér frávík frá verklagsreglum þessum skal leggja hana fyrir byggðarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 25.11.2014.



Mannauðsstefna Dalvíkurbyggðar